

## Fundargerð 107. fundar.

107. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldinn á skrifstofu Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, Garðatorgi 5 í Garðabæ kl. 15.00 þann 20. ágúst 2014.

Fundinn sátu, Árný Sigurðardóttir, Þorsteinn Narfason, Guðmundur H. Einarsson og Páll Stefánsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

Fundarefni:

#### 1. Endurskoðun skipulags vatnsverndar

Framkvæmdastjórn um vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins fór yfir tillögur stýrihóps SSH að endurskoðun vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið og mælir með því að fyrirbyggjandi tillaga að skipulagi vatnsverndar fari í auglýsingu.

#### 2. Endurskoðun heilbrigðissamþykktar

Framkvæmdastjórn um vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins samþykkti að mæla með því að fyrirbyggjandi tillaga að endurskoðaðri heilbrigðissamþykkt fyrir vatnsverndina fari í auglýsingu.

#### 3. Umsagnir vegna aukinnar vatnstöku og framkvæmda í Vatnsendakrikum

Skipulagsstofnun óskaði með bréfum dags. 30. júní 2014 eftir álitum Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á því hvort annars vegar áform um aukna vinnslugetu og vatnsvinnsla á vegum Orkuveitu Reykjavíkur í Vatnsendakrika og hins vegar á aukinni vatnsvinnsla á vegum Vatnsveitu Kópavogs á sama stað skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Frestur var veittur til 16. júlí.

Efni ofangreindra umsagna voru rædd en það var mat beggja eftirlitssvæðanna að boðuð áform ættu að fara í umhverfismat. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis fékk málið ekki til umsagnar.

#### 4. Verkefni framundan

- a. Á þrettánmánaða tímabili á árunum 2003 til 2004 var mánaðarlega fylgst með styrk köfnunarefnissambanda í neysluvatni á vatnstökustöðum á höfuðborgarsvæðinu. Næmni grunnvatnsforða vatnsbólanna fyrir innstreymi ofanvatns og heilnæmi neysluvatnsins var til skoðunar. Samþykkt að leggja mat á hvort tilefni sé til að endurtaka mælingarnar.
- b. HHK gerði grein fyrir því að til stendur að auglýsa drög að endurnýjuðu starfsleyfi fyrir Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins.

#### 5. Önnur mál.

- a. Rætt var um framkvæmd vatnalaga, aðkomu heilbrigðiseftirlits að málaflokknum og aðgengi þess að gögnum í gagnagrunnum og vefsíam.
- b. Rætt var um notkun þyrla á vatnsverndarsvæðinu og fyrirmæli Umhverfisstofnunar um efnisflutninga í þyrlum til Þríhnúka.

Fundi var slitið kl. 16.30